

Jafnréttisáætlun Brúarskóla

Stefna Brúarskóla í jafnréttismálum

Inngangur

Í Brúarskóla er lögð áhersla á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í samræmi lög nr. 10/2008

Leiðarljós Brúarskóla eru að starfsfólk og nemendur sýni hver öðrum **virðingu** og séu **jákvæðir** og **ábyrgir** í störfum sínum og áhersla er lögð á að hver og einn sé metinn að verðleikum.

Í Brúarskóla nýtir hver einstaklingur hæfileika sína og krafta sem best, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, kynferði, kynhneigð, litarhætti, þjóðerni, trú, búsetu eða efnahag.

Brúarskóli tryggir hverjum og einum viðfangsefni og menntun við hæfi. Það er stefna skólans að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis. Markmið með jafnréttisáætlun er að jafna kjör karla og kvenna með tilliti til launa og annarra kjara, þátttöku í stjórnun og tækifæra til menntunar. Kynbundin mismunun og kynbundið ofbeldi eða áreiti er ekki liðið. Allar ákvarðanir sem varða nemendur og starfsfólk skulu metnar út frá jafnréttissjónarmiði. Brúarskóli leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum.

Skólastjóri skipar jafnréttisnefnd sem sér um endurskoðun jafnréttisáætlunar Brúarskóla og að henni sé framfylgt. Í aðgerðaáætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun skuli framfylgt og henni viðhaldið og hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær framkvæma skal hvern þátt fyrir sig.

Jafnréttisnefnd skipa 4 starfsmenn Brúarskóla.

Starfsfólk Brúarskóla

Í öllum starfsháttum Brúarskóla skal þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis.

Í Brúarskóla starfar 21 kona og 24 karlar. Leitast er við að halda hlutfalli kynjanna sem jöfnust í starfsmannahópnum. Meirihluti þeirra sem sækir nám í Brúarskóla eru drengir eða hátt í 90%.

Jafnréttisnefnd og jafnréttisáætlun

Jafnréttisnefnd er starfandi við Brúarskóla. Skólastjóri skipar í nefndina í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga.

Jafnréttisnefnd birtir árlega (í maí) jafnréttisskýrslu þar sem fram kemur mat á þróun jafnréttismála og sett er fram endurskoðuð jafnréttisáætlun. Ábyrgð á framkvæmd er í höndum jafnréttisnefndar og skólastjóra.

Telji starfsmaður eða nemandi að reglur um jafnrétti séu brotnar innan skólans skal hann leita til fulltrúa jafnréttisnefndar.

1. Aðgerðaráætlun

Stefna Brúarskóla í jafnréttismálum er byggð á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stefna skólans raungerist í aðgerðum sem unnar verða reglubundið og í samræmi við tiltekna mælikvarða.

1.1. Gegn staðalmyndum

Mikilvægt er að vinna gegn staðalmyndum kynjanna eins og þær birtast bæði í orðræðu og myndmáli.

„Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunad.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.“

(Lög nr. 10/2008, gr. 23 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.)

Brúarskóli leggur áherslu á að vinna gegn staðalmyndum kynjanna eins og þær birtast bæði í orðræðu og myndmáli.

Lögð verður áhersla á:

Markmið	Vinna gegn stöðluðum kynjamyndum í skólastarfi með fræðslu um jafnréttismál.
Aðgerð	Starfsmenn fái fræðslu um hvernig standa megi að jafnréttisfræðslu.
Ábyrgð	Jafnréttisnefnd
Viðmið um árangur	Allir starfsmenn fái fræðslu um hvernig standa megi að jafnréttisfræðslu.
Hvernig árangur er mældur	Hlutfall starfsmanna sem tekur þátt í fræðslunni
Hvenær árangur er mældur	Maí 2014

Markmið	Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál. Leggja áherslu á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu.
Aðgerð	Kennarar geri grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins í kennsluáætlunum.
Ábyrgð	Umsjónarkennarar og skólastjóri
Viðmið um árangur	Allir nemendur fái jafnréttisfræðslu.
Hvernig árangur er mældur	Er fjallað um jafnréttisfræðslu í kennsluáætlunum og námsmati
Hvenær árangur er mældur	Maí 2014

1.2 Jöfn tækifæri

Starfsfólk, jafnt karlar og konur, skulu hafa jöfn tækifæri til starfa, stjórnunar, starfsþróunar og endurmenntunar.

„Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.“

Lög nr. 10/2008, gr. 20 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

„Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns.“

Lög nr. 10/2008, gr. 26 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

„Hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein er óheimil. Þó teljast sértækar aðgerðir ekki ganga gegn lögum þessum“.

„Sértækar aðgerðir: Sérstaklega tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar. Þar getur þurft tímabundið að veita öðru kyninu forgang til að ná jafnvægi.“

Lög nr. 10/2008, gr. 24 og gr. 2, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Markmið	Leggja áherslu á að störf í Brúarskóla henti jafnt konum sem körlum
Aðgerð	Fram komi í atvinnuauðglýsingum að störfin henti jafnt konum og körlum og það kyn sem hallar á hverju sinni sérstaklega hvatt til að sækja um.
Ábyrgð	Skólastjóri
Viðmið um árangur	Að hlutfall kynja meðal starfsmanna sé sem jafnast
Hvernig árangur er mældur	Hlutfall karla og kvenna meðal starfsmanna Brúarskóla
Hvenær árangur er mældur	Maí 2014

1.3. Jöfn hlutföll kynja

Brúarskóli vill að hlutfall kynja meðal starfsmanna verði sem jafnast og að ákveðin störf séu ekki flokkuð sem karla-eða kvennastörf.

„Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.“

Lög nr. 10/2008, gr. 18, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Markmið	Að ráða það kynið sem á hallar séu tveir einstaklingar jafn hæfir í starf.
Aðgerð	Fram komi í atvinnuauklýsingum að störfin henti jafnt konum og körlum og það kyn sem hallar á hverju sinni sérstaklega hvatt til að sækja um.
Ábyrgð	Skólastjóri
Viðmið um árangur	Að hlutfall kynja meðal starfsmann sé sem jafnast
Hvernig árangur er mældur	Hlutfall karla og kvenna meðal starfsmanna Brúarskóla
Hvenær árangur er mældur	Maí 2014

1.4 Sömu kjör – launajafnrétti

Markmið	Karlar og konur fái greidd sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmætt störf.
Aðgerð	Greina árlega laun og fríðindi starfsmanna. Leiðrétta skal laun ef fram kemur mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði.
Ábyrgð	Skólastjóri
Viðmið um árangur	Að karlar og konur njóti sömu kjara í Brúarskóla

Hvernig árangur er mældur	Greina árlega laun og fríðindi starfsmanna. Leiðrétta skal laun ef fram kemur mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði.
Hvenær árangur er mældur	Maí 2014

1.5 Samræming vinnu og einkalífs

Brúarskóli vill að starfsmenn geti samræmt vinnu og einkalíf eins og kostur er.

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.“

Lög nr. 10/2008, gr. 21 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið	Að starfsmenn af báðum kynjum nýti rétt sinn til fæðinga- og foreldraorlofs.
Aðgerð	Að hvetja bæði kyn til að nýta sér rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs.
Ábyrgð	Jafnréttisnefnd
Viðmið um árangur	Að bæði kyn nýti rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs.
Hvernig árangur er mældur	Mæling á fjölda starfsmanna skipt eftir stöðugildi og kyni sem tekur fæðingar- og foreldraorlof, mælt í vikum.
Hvenær árangur er mældur	Maí 2014

1.6 Gegn einelti og áreitni

Brúarskóli líður ekki einelti, fordóma, kynbundna eða kynferðislega áreitni.

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

Lög nr. 10/2008, gr. um kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Markmið	Að útbúa aðgerðar- og forvarnaráætlun ásamt fræðslu og kynningu fyrir starfsmenn.
Aðgerð	Haldin verði fræðsla fyrir starfsmenn um einelti og áreitni.
Ábyrgð	Skólastjóri og Jafnréttisnefnd
Viðmið um árangur	Þátttaka starfsmanna í fræðslu um einelti og áreitni sem skólinn býður upp á.
Hvernig árangur er mældur	Mæling á þátttöku starfsmanna í fræðslu um efnið.
Hvenær árangur er mældur	Maí 2014

1.7 Jöfn tækifæri til náms og starfsþróunar

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.“

Lög nr. 10/2008, gr. 20 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið	Að starfsmenn séu metnir reglubundið með tilliti til mögulegrar starfsþróunar og menntunar.
Aðgerð	Starfsmenn fari í starfsþróunarsamtal einu sinni á ári
Ábyrgð	Skólastjórnendur
Viðmið um árangur	Allir starfsmenn fari í starfsþróunarsamtal a.m.k einu sinni á ári.

Hvernig árangur er mældur	Hlutfall starfsmanna sem fer í starfsþróunarsamtal. (100%)
Hvenær árangur er mældur	Mái 2014

Kynning og eftirfylgni/framkvæmd:

Markmið	Að framylgja jafnréttisáætlun skólans
Aðgerð	Jafnréttisnefnd skipuð í desember 2013
Ábyrgð	Skólastjórnendur
Viðmið um árangur	Þriggja manna jafnréttisnefnd taki til starfa ekki seinna en í janúar 2014
Hvernig árangur er mældur	Mat jafnréttisnefndar og skólastjórnenda hvernig gengur að framfylgja jafnréttisáætlun
Hvenær árangur er mældur	Mái 2014

Markmið	Starfsfólk Brúarskóla þekki jafnréttisáætlunina
Aðgerð	Jafnréttisáætlun verður kynnt á starfsmannafundi.
Ábyrgð	Skólastjórnendur
Viðmið um árangur	Allir starfsmenn fái kynningu á jafnréttisáætlun Brúarskóla
Hvernig árangur er mældur	Hlutfall starfsmanna sem fær kynningu á jafnréttisáætlun (100%)
Hvenær árangur er mældur	Mái 2014